

Innskráning

- Aðgengileg á <u>www.mast.is</u> og <u>umsokn.mast.is</u>
- Innskráning krefst rafrænna skilríkja.



Umboð

Fyrirtæki geta veitt starfsmönnum sínum umboð til að geta skráð inn umsóknir/tilkynningar á kennitölu fyrirtækisins með sínum rafrænu skilríkjum. Mikilvægt til að allar umsóknir/tilkynningar fyrirtækis séu aðgengilegar í þjónustugáttinni óháð sendanda.

F	Rafræn skilríki í síma
Skr	áðu þig inn
Þj	jónustugátt MAST
Simanúmer 000-0000	
🗸 Muna símar	númer
	Auðkenna
E	ða skráðu þig inn með
A	uðkennisappinu
	Skilríki á korti

Forsvarsmaður fyrirtækis og handhafi rafrænna skilríkja fyrirtækisins skráir sig inn í **Þjónustugátt MAST.** Við innskráningu velur forsvarsmaður fyrirtækið sem notanda.



Í þjónustugáttinni er smellt á **Skráning umboða** og þá opnast aðgangsstýringarhluti Ísland.is og umboð starfsmanna skráð.

Matvælastofnun			Skráning umboða	IS ~	
	Yfirili • Aðgangustýring • Velta umboð Veita umboð Hér getur þú veitt öðrum umboð til að sýsla með þín gögn Umboðsveitandi				
	Kennitala umboðshafa 000000-0000	Q			
	Abgangsstýring Matvælastofnun	~			
	I næsta skrefi velurðu hvaða gögn viðkomandi getur skoðað eða sýslað með. Hætta við				

Athugið! Við skráningu umboða er mikilvægt að vera staddur á fyrirtækisnotandanum í aðgangstýringarhluta Ísland.is en í efra hægra horni sést hvaða notandi Ísland.is er að fara veita umboð. Sé notandi stilltur á einstakling en ekki fyrirtæki þá þarf að skipta um notanda.



Þjónustugátt MAST





() Matvælastofnun

Mín mál

Í hlutanum Mín mál er yfirlit yfir

- Gagnabeiðnir
- Málin mín
- Óafgreiddar umsóknir

Ef smellt er á mál þá birtast allar upplýsingar um málið (stofnupplýsingar, samskipti, fylgiskjöl, tengdir aðilar og saga málsins).

Gögnin eru m.a. þau fylgiskjöl sem voru send með tilkynningunni/umsókninni eða hafa verið send frá MAST til umsækjanda (birt á gátt). Umsækjandi getur sent inn ný skjöl og þá birtast þau i málinu, bæði í málakerfi stofnunarinnar og í þjónustugáttinni. Eins er hægt að senda skilaboð til þeirra starfsmanna stofnunarinnar sem eru að vinna að málinu.

	Dragðu skjöl hingað til að hlaða upp
Tekið er við skjö	lum með endingu: .csv, .docx, .gif, .jpeg, .jpg, .odp, .ods, .odt, .pdf, .png, .tif, .xlsx
	Velia skiöl til að blaða upp
Samskipti	
Engin skilaboð	

Umsóknir

Í **Umsóknir** eru allar tilkynningar og umsóknir MAST og flokkaðar eftir efni. Jafnframt er hægt að leita eftir heiti eða númeri umsóknar/tilkynningar í leitarsvæðinu.

Umsóknir		
Leita		۹
01 Áburður, fóður og aukaafurðir dýra	02 Dýrahald	03 Fiskeldi
04 Matvæli	05 Plöntur og viðarumbúðir	06 Upplýsingar
07 Póstsendingar einstaklinga	08 Skeldýr	09 Heilbrigðisvottorð vegna útflutnings
10 Annað	11 Matvælastofnun	

Mögulegt er að byrja á að fylla út tilkynningu/umsókn og vista til að halda áfram síðar. Umsóknin birtist þá undir Óafgreiddar umsóknir í Mín mál. Jafnframt birtist pennatákn við umsóknarformið í umsóknaryfirlitinu.

02 Dýrahald		
Leita		Q
2.01 Leyfi til innflutnings á djúpfrystu svínasæði frá Noregi	2.03 Umsókn um leyfi til innflutnings - skrautfiskar og vatnadýr	2.04 Tilkynningaskyld starfsemi með gæludýr
2.05 Umsókn um undanþágu til afhendingu sýklalyfja fyrir sauðfé	2.06 Kaup á kiðum	2.07 Flutningur á geitfé yfir varnarlínu
2.10 Tilkynningaskyld starfsemi með hesta	2.11 Sala líflamba af 🛛 🧭 líflambasölusvæðum	2.12 Sala kiða

Þegar tilkynning/umsókn er send inn birtist staðfestingarnúmer sem er hægt að vísa í ef þörf er á að hafa samband símleiðis eða með tölvupósti.